

## Fundargerð

### 188. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 15. október 2013 kl. 12<sup>15</sup> – 14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Umbúðir úr plasti
- (3) Hjólbarðar
- (4) Endurskoðunarbréf
- (5) Fjárlagafrumvarp 2014
- (6) Rekstur janúar til september 2013
- (7) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (187. fundar).

#### 2. Umbúðir úr plasti

ÓK fór yfir það, að í vor á stjórnarfundum Úrvinnslusjóðs, var fjallað um breytingar á ráðstöfunarflokkum plastumbúða. Einn af flokkunum sem rætt var um eru blandaðar plastumbúðir frá heimilum. Þar var farið yfir það að flokka þarf þessar umbúðir áður en þær geta farið í endurvinnslu til ná fram einsleitu (homogen) plasti. Plastumbúðir yrðu flokkaðar vélrænt í Þýskalandi og þær umbúðir sem ekki væri hægt að endurvinnna yrðu endurnýttar með brennslu. Norðmenn og Svíar hafa sameiginlega boðið út flokkun á sambærilegri blöndu umbúða frá heimilum. Þær fara til Svíþjóðar annars vegar og Þýskalands hins vegar í flokkun og endurvinnslu.

ÓK upplýsti á fundinum að Gámanþjónustan, Íslenska gámafélagið og Sorpa sendu í sumar út gáma, með blönduðum plastumbúðum frá heimilum, til flokkunar hjá DELA í Þýskalandi.

ÓK fór yfir niðurstöður frá DELA á innihaldi á blönduðum plastúrgangi er kom frá þessum fyrirtækjum. Stjórn ræddi, í ljósi niðurstaðna DELA, hvert endurgjaldið til þjónustuaðila fyrir meðhöndlun á þessum plastumbúðum þyrfti að vera.

#### 3. Hjólbarðar

Frestað

#### 4. Endurskoðunarbréf

Lögð voru fram drög að endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar. Fram kom að Ríkisendurskoðun óskar eftir athugasemdum eða ábendingum frá Úrvinnslusjóði varðandi athugasemdir sem fram koma í bréfinu. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

### **5. Fjárlagafrumvarp 2014**

Lagt var fram yfirlit yfir fjárlagafrumvarp 2014 þar sem fjallað er um fjárveitingar til Úrvinnslusjóðs.

### **6. Rekstur janúar til september 2013**

Rekstraryfirlit fyrir starfsemi Úrvinnslusjóðs fyrstu níu mánuði ársins var lagt fram á fundinum.

### **7. Önnur mál**

Næsti fundur ákveðinn 23.október 2013.

Fundi slitið kl 14:00